Þessar tillögur virðast um fyrstu sýn eins og þær muni bæti loftgæði töluvert en þegar er litið betur á sést að þessar nýju reglur eru nær ástæðulausar og eru ekki að takast á við raunverulega vandann. Ætlunin með að stytta söludagana er að lækka magn flugelda sem er selt, en magnið sem er keypt af flugeldum tilsvarar ekki magn mengunar eins og sést hér https://www.ruv.is/sites/default/files/styles/2000x1125/public/fr_20200101_129340.jpg?itok=EkI0dCEo&timestamp=1577905430 mjög svipað magn af flugeldum var selt á þessum árum samkvæmt björgunarsveitinni Landsbjörg. Alvöru vandamálið er hvaða vörur eru seldar. Árið 2017 voru stærri skotkökur gerðar ólöglegar, en strax fundust lagakrókar og byrjuðu flugeldasölur að bjóða upp á samsettar skotkökur sem eru í rauninni nokkrar litlar skotkökur saman í kassa allar tengdar saman með kveikiðþræði og seld sem ein vara. Með því að banna þessar samsettu skotkökur og leyfa aðeins sölu á stökum skotkökum með t.d. ekki meira enn 500g af púðri (jafnvel 200g) þá myndu lögin sem sett voru árið 2017 virka eins og ætlað var því þau höfðu næstum engin áhrif út af laga króknum sem lýst var hérna fyrir ofan. Miklar líkur eru að mengun myndi lækka töluvert ef reglurnar væru svona því skotkökur eru með mest af púðri sem kveikt er í með einum kveikiþræði og (ég) tel að meira ein 60% af svifryksmengun á áramótunum sé einungis af völdum skotterta. Afmarkaður skottími. Hugmyndin um afmarkaðan skottíma virðist í fyrstu sinn eins og góð hugmynd, en ekki er líklegt að því verði framfylgt og enn erfiðara er að sjá til þess að þeim verði framfylgt, sérstaklega þegar tíminn er upp á klukkutíman, mun betur myndi virka að leyfa sölu á sömu dögum áfram, en aðeins leyfa notkun á skoteldum í flokki 3 á 31. Desember og 1& 6 janúar, notkun á skoteldum í flokki 1 og 2 gæti þá verið leyfð áfram 28. Des - 6. Jan. Hljóð og loftmengun frá skoteldum í flokki 2 er margfalt minni en frá skoteldum í flokki 3 því dót í flokki 2 er aðallega smádót sem er að mestu leiti ætlað til notkunnar af börnum því hættan og púðurmagnið er töluvert minni, það eru miklu meiri líkur að reglunum verði framfylgt ef þær væru svona því af minni reynslu er ekki sprengt mikið af flokki 3 daganna í kring nú þegar. Einnig væri hægt að leyfa aðeins sölu á skoteldum í flokki 2. 28-29 desember og aðeins á flokki 3. 30-31 desember og dagana eftir það ef fólk virðir ekki reglunnar, þannig að banna þá alveg daganna í kring myndi örugglega verða virt betur án þess að það hafi mikil áhrif á Landsbjörg.

Mínar niðurstöður eru að þessi tillaga er ekki að takast á við alvöru vandann og væri hægt að gera miklu betur án þess að þurfi að hafa mikil áhrif á fjáröflun björgunarsveitanna & Áramótaheföir

Megin hugmyndir þessar umsagnar lýst hérna:

•Leyfa ekki skotkökur með meira en 500g eða 200g af púðri
•Sala á skoteldum í flokki 2 & 3 leyfileg 28.-6. janúar
•Notkun á skoteldum í flokki 3 leyfileg 31. desember og 1. & 6. janúar
•Notkun á skoteldum í flokki 2 leyfileg 28.-6. janúar
•samsettar skotkökur gerðar ólöglegar
• gömlu tímamörk notkunnar á flugeldum 10:00 til 22:00 að undanskildum 31. desember (hægt væri að stytta það til t.d. 20:00 í staðin fyrir 22:00 því fólki gæti fundist það truflandi á kvöldin)

Kannski:
•(Ef nauðsynlegt er, mögulega of flókið) Sala skotelda í flokki 3 leyfileg 30-31 desember og 6. janúar

Með vinsemd og virðingu
Ragnar Óskars Kettler
27. Október 2020